

# UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasiða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F94/2020

Reykjavík, 11. október 2021

Mennta- og menningarmálaráðuneytið  
Sölvhólsgötu 4  
101 Reykjavík

mrn@mrn.is

Vísað er til fyrri samskipta vegna athugunar umboðsmanns Alþingis á aðbúnaði grunnskólanema við ákveðnar aðstæður. Eins og kunnugt er óskaði umboðsmaður með bréfi, dags. 9. júní 2020, eftir tilteknum upplýsingum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og skólaskrifstofum 17 sveitarfélaga um vistun barna í sérstökum rýmum innan grunnskóla. Tilefnið voru ábendingar sem borist höfðu umboðsmanni með kvörtunum og öðrum erindum þar sem lýst var atvikum þegar nemendur höfðu verið færðir frá samnemendum sínum inn í lítil, jafnvel gluggalaus rými, hvort heldur til skemmri tíma eða ætlunin var að kennsla viðkomandi færi alfarið fram við þessar aðstæður.

Í svari mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 24. júní 2020, kom m.a. fram að ráðuneytinu hefði á síðustu fimm árum ekki borist ábendingar, kvartanir eða kærur vegna þeirra aðstæðna sem spurt var um. Þá hefði ráðuneytið ekki orðið vart við þá framkvæmd sem lýst var í erindi umboðsmanns við almennt eftirlit á málefnum grunnskóla eða við ytra mat á skólahaldi.

Umboðsmaður hefur fylgst með nýlegri opinberri umræðu um innilokun grunnskólabarna í sérstökum herbergjum (sums staðar svokölluð gul eða rauð herbergi) og verklag í tengslum við hana, auk þess sem honum hafa borist ábendingar frá foreldrum um að barn þeirra hafi verið lokað inni í sérstöku rými, jafnvel einsamalt.

Umboðsmaður hefur því, á grundvelli nýrra upplýsinga um þá framkvæmd innan ákveðinna grunnskóla sem lýst er hér að framan, sem eru að meginstefnu til ekki í samræmi við þær upplýsingar sem umboðsmaður fékk í svörum við fyrirspurnum sínum á síðasta ári, ákveðið að óska á ný eftir upplýsingum frá skólaskrifstofum tiltekinna sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Er það gert með

það fyrir augum hvort ástæða sé til að hann taki þau atriði sem spurt er um til athugunar að eigin frumkvæði á grundvelli heimildar hans í 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Rétt er að taka fram að berist umboðsmanni upplýsingar sem gefa tilefni til kann hann að ákveða að nota heimild sína í 3. mgr. 7. gr. laga nr. 85/1997 til að fara í vettvangsheimsóknir í tiltekna skóla.

Með vísan til framangreinds er þess óskað, sbr. 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að mennta- og menningarmálaráðuneytið upplýsi umboðsmann um eftirfarandi:

1. Hvort mennta- og menningarmálaráðuneytinu hafi, frá því að síðasta svar þess var sent umboðsmanni, borist ábendingar, kvartanir eða kærur vegna aðskilnaðar barna frá samnemendum sínum með þeim hætti að þau séu færð í sérstakt rými eða herbergi. Óskað er eftir þessum upplýsingum óháð því af hvaða ástæðum gripið hafi verið til þessa úrræðis, hvort nemandinn hafi dvalið þar í stutta stund eða til lengri tíma, jafnvel að staðaldri, hvort hann hafi dvalið þar einsamall eða með kennara eða öðrum starfsmanni skólans og hvort úrræðinu hafi verið beitt í tilefni af atvikum sem vörðuðu nemandann sjálfan eða vegna athafna annarra nemenda sem beinst hafi að honum.

Sé svo er þess óskað að umboðsmaður verði upplýstur um viðbrögð ráðuneytisins við þeim erindum og honum afhend afrit af öllum gögnum þeirra mála.

2. Hvort mennta- og menningarmálaráðuneytið hafi á umræddu tímabili orðið vart við þá framkvæmd sem um ræðir við almennt eftirlit þess með málefnum grunnskóla eða ytra mat ráðuneytisins á skólahaldi í grunnskólum á grundvelli 38. gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla.

Sé svo er óskað eftir nánari upplýsingum og gögnum um þau tilvik og hvort þau hafi orðið ráðuneytinu tilefni til einhverra viðbragða og þá hverra.

3. Hvort mennta- og menningarmálaráðuneytinu sé kunnugt um að í grunnskólum sé fyrir hendi almennt skráð verklag um þá framkvæmd sem hér er fjallað, þ.e. aðskilnað og/eða innilokun nemenda í sérstökum rýmum við ákveðnar aðstæður og þá meðferð og reglur sem kunna að gilda um vistun þeirra þar.

Ef svo er og liggi slík gögn fyrir hjá ráðuneytinu þá er óskað eftir því að umboðsmanni verði sent afrit af þeim.

Þess er óskað að svör mennta- og menningarmálaráðuneytisins berist umboðsmanni ekki síðar en 1. nóvember nk. Að fengnum svörum ráðuneytisins og annarra þeirra sem ritað hefur verið af þessu tilefni mun umboðsmaður taka afstöðu til þess hvort hann telji tilefni til að

## UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

taka beitingu úrræða af þessu tagi í grunnskólum, hvort sem er í einstökum tilvikum eða að staðaldri, til almennrar athugunar að eigin frumkvæði á grundvelli heimildar í 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.

Rétt er að upplýsa að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og umboðsmanni barna er sent afrit af bréfi þessu til upplýsingar.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis

*Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir*

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir  
skrifstofustjóri á sviði frumkvæðismála  
og OPCAT

# ÚMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

## LJÓSRIT

Mál nr. F94/2020

Reykjavík, 11. október 2021

Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

sfs@reykjavik.is

Vísað er til fyrri samskipta vegna athugunar umboðsmanns Alþingis á aðbúnaði grunnskólanema við ákveðnar aðstæður. Eins og kunnugt er óskaði umboðsmaður með bréfi, dags. 9. júní 2020, eftir tilteknum upplýsingum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og skólaskrifstofum 17 sveitarfélaga, m.a. Reykjavíkurborgar, um vistun barna í sérstökum rýmum innan grunnskóla. Tilefnið voru ábendingar sem borist höfðu umboðsmanni með kvörtunum og öðrum erindum þar sem lýst var atvikum þegar nemendur höfðu verið færðir frá samnemendum sínum inn í lítil, jafnvel gluggalaus rými, hvort heldur til skemmri tíma eða ætlunin var að kennsla viðkomandi færi alfarið fram við þessar aðstæður.

Í svari skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, dags. 17. ágúst 2020, kom m.a. fram að sviðinu hefði á síðustu fimm árum borist eitt erindi vegna innilokunar barns í skólum borgarinnar og var umboðsmanni veittar upplýsingar um það. Þá kom fram að í ytra mati skóla- og frístundasviðs vegna grunnskóla Reykjavíkur á árunum 2015-2020 hefði ekki komið fram athugasemd er varðar þá framkvæmd sem um ræddi.

Umboðsmaður hefur fylgst með nýlegri opinberri umræðu um innilokun grunnskólabarna í sérstökum herbergjum (sums staðar svokölluð gul eða rauð herbergi) og verklag í tengslum við hana, auk þess sem honum hafa borist ábendingar frá foreldrum um að barn þeirra hafi verið lokað inni í sérstöku rými, jafnvel einsamalt.

Umboðsmaður hefur því, á grundvelli nýrra upplýsinga um þá framkvæmd innan ákveðinna grunnskóla sem lýst er hér að framan, sem eru að meginstefnu til ekki í samræmi við þær upplýsingar sem umboðsmaður fékk í svörum við fyrirspurnum sínum á síðasta ári, ákveðið að óska á ný eftir upplýsingum frá skólaskrifstofum tiltekinna sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Er það gert með það

## UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

fyrir augum hvort ástæða sé til að hann taki þau atriði sem spurt er um til athugunar að eigin frumkvæði á grundvelli heimildar hans í 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Rétt er að taka fram að berist umboðsmanni upplýsingar sem gefa tilefni til kann hann að ákveða að nota heimild sína í 3. mgr. 7. gr. laga nr. 85/1997 til að fara í vettvangsheimsóknir í tiltekna skóla.

Með vísan til framangreinds er þess óskað, sbr. 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að skóla- og frístundasvið Mosfellsbæjar upplýsi umboðsmann um eftirfarandi:

1. Hvort skóla- og frístundasviðinu hafi, frá því að síðasta svar þess var sent umboðsmanni, borist ábendingar eða kvartanir vegna aðskilnaðar barna frá samnemendum sínum með þeim hætti að þau séu færð í sérstakt rými eða herbergi. Óskað er eftir þessum upplýsingum óháð því af hvaða ástæðum gripið hafi verið til þessa úrræðis, hvort nemandinn hafi dvalið þar í stutta stund eða til lengri tíma, jafnvel að staðaldri, hvort hann hafi dvalið þar einsamall eða með kennara eða öðrum starfsmanni skólans og hvort úrræðinu hafi verið beitt í tilefni af atvikum sem vörðuðu nemandann sjálfan eða vegna athafna annarra nemenda sem beinst hafi að honum.

Sé svo er þess óskað að umboðsmaður verði upplýstur um fjölda slíkra tilvika, viðbrögð sviðsins við þeim ábendingum/kvörtunum og honum afhend afrit af öllum gögnum þeirra mála.

2. Hvort skóla- og frístundasvið hafi á umræddu tímabili orðið vart við þá framkvæmd sem um ræðir við almennt eftirlit þess með málefnum grunnskóla í sveitarféluginu, s.s. ytra mat, eða vegna starfa skólanefndar sveitarfélagsins á grundvelli 2. mgr. 6. gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla.

Sé svo er óskað eftir nánari upplýsingum og gögnum um þau tilvik og hvort þau hafi orðið sviðinu tilefni til einhverra viðbragða og þá hverra.

3. Hvort skóla- og frístundasviði sé kunnugt um að í grunnskólum sveitarfélagsins, hvort sem er í einhverjum þeirra eða öllum, sé fyrir hendi almennt skráð verklag um þá framkvæmd sem hér er fjallað, þ.e. aðskilnað og/eða innilokun nemenda í sérstökum rýmum við ákveðnar aðstæður og þá meðferð og reglur sem kunna að gilda um vistun þeirra þar.

Ef svo er þá er óskað eftir því að umboðsmanni verði sent afrit af því og nánari útskýringar, ef við á.

Rétt er að fram komi að með framangreindum spurningum leitast umboðsmaður við að draga fram almenna lýsingu á þeim tilvikum sem hér eru

## UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

til umfjöllunar án þess að til standi að tilfæra nöfn einstakra skóla í úrlausn sinni komi til frekari meðferðar málsins af hans hálfu. Þá er rétt að upplýsa að mennta- og menningarmálaráðuneytinu, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og umboðsmanni barna er sent afrit af bréfi þessu til upplýsingar.

Þess er óskað að svör skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar við framangreindum spurningum berist umboðsmanni ekki síðar en 1. nóvember nk.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis

*Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir*

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir  
skrifstofustjóri á sviði frumkvæðismála  
og OPCAT

# ÚMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

## LJÓSRIT

Mál nr. F94/2020

Reykjavík, 11. október 2021

Hafnafjarðarbær  
Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs  
Linnestíg 3  
220 Hafnarfirði

hafnarfjordur@hafnarfjordur.is  
valgerdur@hafnarfjordur.is

Vísað er til fyrri samskipta vegna athugunar umboðsmanns Alþingis á aðbúnaði grunnskólanema við ákveðnar aðstæður. Eins og kunnugt er óskaði umboðsmaður með bréfi, dags. 9. júní 2020, eftir tilteknum upplýsingum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og skólaskrifstofum 17 sveitarfélaga, m.a. Hafnafjarðarbæjar, um vistun barna í sérstökum rýmum innan grunnskóla. Tilefnið voru ábendingar sem borist höfðu umboðsmanni með kvörtunum og öðrum erindum þar sem lýst var atvikum þegar nemendur höfðu verið færðir frá samnemendum sínum inn í lítil, jafnvel gluggalaus rými, hvort heldur til skemmri tíma eða ætlunin var að kennsla viðkomandi færi alfarið fram við þessar aðstæður.

Í svari skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnafjarðarbæjar, dags. 1. júlí 2020, kom m.a. fram að skrifstofunni hefðu á síðustu fimm árum hvorki borist kvartanir eða ábendingar vegna innilokunar barna í skólum bæjarins né hefði skrifstofan almennt orðið vör við slíka framkvæmd við almennt eftirlit hennar með málefnum grunnskóla í sveitarfélagini.

Umboðsmaður hefur fylgst með nýlegri opinberri umræðu um innilokun grunnskólabarna í sérstökum herbergjum (sums staðar svökölloð gul eða rauð herbergi) og verklag í tengslum við hana, auk þess sem honum hafa borist ábendingar frá foreldrum um að barn þeirra hafi verið lokað inni í sérstöku rými, jafnvel einsamalt.

Umboðsmaður hefur því, á grundvelli nýrra upplýsinga um þá framkvæmd innan ákveðinna grunnskóla sem lýst er hér að framan, sem eru að meginstefnu til ekki í samræmi við þær upplýsingar sem umboðsmaður fékk í svörum við fyrirspurnum sínum á síðasta ári, ákveðið að

óaska á ný eftir upplýsingum frá skólaskrifstofum tiltekinna sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Er það gert með það fyrir augum hvort ástæða sé til að hann taki þau atriði sem spurt er um til athugunar að eigin frumkvæði á grundvelli heimildar hans í 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Rétt er að taka fram að berist umboðsmanni upplýsingar sem gefa tilefni til kann hann að ákveða að nota heimild sína í 3. mgr. 7. gr. laga nr. 85/1997 til að fara í vettvangsheimsóknir í tiltekna skóla.

Með vísan til framangreinds er þess óskað, sbr. 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs Hafnafjarðarbærar upplýsi umboðsmann um eftifarandi:

1. Hvort skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs hafi, frá því að síðasta svar hennar var sent umboðsmanni, borist ábendingar eða kvartanir vegna aðskilnaðar barna frá samnemendum sínum með þeim hætti að þau séu færð í sérstakt rými eða herbergi. Óskað er eftir þessum upplýsingum óháð því af hvaða ástæðum gripið hafi verið til þessa úrræðis, hvort nemandinn hafi dvalið þar í stutta stund eða til lengri tíma, jafnvel að staðaldri, hvort hann hafi dvalið þar einsamall eða með kennara eða öðrum starfsmanni skólans og hvort úrræðinu hafi verið beitt í tilefni af atvikum sem vörðuðu nemandann sjálfan eða vegna athafna annarra nemenda sem beinst hafi að honum.

Sé svo er þess óskað að umboðsmaður verði upplýstur um fjölda slíkra tilvika, viðbrögð skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs við þeim ábendingum/kvörtunum og honum afhend afrit af öllum gögnum þeirra málum.

2. Hvort skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs hafi á umræddu tímabili orðið vör við þá framkvæmd sem um ræðir við almennt eftirlit hennar með málefnum grunnskóla í sveitarfélaginu, s.s. ytra mat, eða vegna starfa skólanefndar sveitarfélagsins á grundvelli 2. mgr. 6. gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla.

Sé svo er óskað eftir nánari upplýsingum og gögnum um þau tilvik og hvort þau hafi orðið skrifstofunni tilefni til einhverra viðbragða og þá hverra.

3. Hvort skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs sé kunnugt um að í grunnskólum sveitarfélagsins, hvort sem er í einhverjum þeirra eða öllum, sé fyrir hendi almennt skráð verklag um þá framkvæmd sem hér er fjallað, þ.e. aðskilnað og/eða innilokun nemenda í sérstökum rýmum við ákveðnar aðstæður og þá meðferð og reglur sem kunna að gilda um vistun þeirra þar.

Ef svo er þá er óskað eftir því að umboðsmanni verði sent afrit af því og nánari útskýringar, ef við á.

## UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Rétt er að fram komi að með framangreindum spurningum leitast umboðsmaður við að draga fram almenna lýsingu á þeim tilvikum sem hér eru til umfjöllunar án þess að til standi að tilfæra nöfn einstakra skóla í úrlausn sinni komi til frekari meðferðar málsins af hans hálfu. Þá er rétt að upplýsa að mennta- og menningarmálaráðuneytinu, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og umboðsmanni barna er sent afrit af bréfi þessu til upplýsingar.

Þess er óskað að svör skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs Hafnarfjarðarbæjar við framangreindum spurningum berist umboðsmanni ekki síðar en 1. nóvember nk.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis

*Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir*

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir  
skrifstofustjóri á sviði frumkvæðismála  
og OPCAT

# UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasiða: www.umbodsmadur.is

## LJÓSRIT

Mál nr. F94/2020

Reykjavík, 11. október 2021

Mosfellsbær  
Fræðslu- og frístundasvið  
þverholti 2  
270 Mosfellsbær

linda@mos.is

Vísað er til fyrri samskipta vegna athugunar umboðsmanns Alþingis á aðbúnaði grunnskólanema við ákveðnar aðstæður. Eins og kunnugt er óskaði umboðsmaður með bréfi, dags. 9. júní 2020, eftir tilteknum upplýsingum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og skólaskrifstofum 17 sveitarfélaga, m.a. Mosfellsbæjar, um vistun barna í sérstökum rýmum innan grunnskóla. Tilefnið voru ábendingar sem borist höfðu umboðsmanni með kvörtunum og öðrum erindum þar sem lýst var atvikum þegar nemendur höfðu verið færðir frá samnemendum sínum inn í lítil, jafnvel gluggalaus rými, hvort heldur til skemmri tíma eða ætlunin var að kennsla viðkomandi færi alfarið fram við þessar aðstæður.

Í svari fræðslu- og frístundasviðs Mosfellsbæjar, dags. 18. ágúst 2020, kom m.a. fram að sviðinu hefðu á síðustu fimm árum borist tvær kvartanir eða ábendingar vegna innilokunar barna í skólum bæjarins og var umboðsmanni veittar upplýsingar um þær.

Umboðsmaður hefur fylgst með nýlegri opinberri umræðu um innilokun grunnskólabarna í sérstökum herbergjum (sums staðar svokölluð gul eða rauð herbergi) og verklag í tengslum við hana, auk þess sem honum hafa borist ábendingar frá foreldrum um að barn þeirra hafi verið lokað inni í sérstöku rými, jafnvel einsamalt.

Umboðsmaður hefur því, á grundvelli nýrra upplýsinga um þá framkvæmd innan ákveðinna grunnskóla sem lýst er hér að framan, sem eru að meginstefnu til ekki í samræmi við þær upplýsingar sem umboðsmaður fékk í svörum við fyrirspurnum sínum á síðasta ári, ákveðið að óska á ný eftir upplýsingum frá skólaskrifstofum tiltekinna sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Er það gert með það fyrir augum hvort ástæða sé til að hann taki þau atriði sem spurt er um til athugunar að eigin frumkvæði á grundvelli heimildar hans í

## UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Rétt er að taka fram að berist umboðsmanni upplýsingar sem gefa tilefni til kann hann að ákveða að nota heimild sína í 3. mgr. 7. gr. laga nr. 85/1997 til að fara í vettvangsheimsóknir í tiltekna skóla.

Með vísan til framangreinds er þess óskað, sbr. 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að fræðslu- og frístundasvið Mosfellsbæjar upplýsi umboðsmann um eftirfarandi:

1. Hvort fræðslu- og frístundasviðinu hafi, frá því að síðasta svar þess var sent umboðsmanni, borist ábendingar eða kvartanir vegna aðskilnaðar barna frá samnemendum sínum með þeim hætti að þau séu færð í sérstakt rými eða herbergi. Óskað er eftir þessum upplýsingum óháð því af hvaða ástæðum gripið hafi verið til þessa úrræðis, hvort nemandinn hafi dvalið þar í stutta stund eða til lengri tíma, jafnvel að staðaldri, hvort hann hafi dvalið þar einsamall eða með kennara eða öðrum starfsmanni skólans og hvort úrræðinu hafi verið beitt í tilefni af atvikum sem vörðuðu nemandann sjálfan eða vegna athafna annarra nemenda sem beinst hafi að honum.

Sé svo er þess óskað að umboðsmaður verði upplýstur um fjölda slíkra tilvika, viðbrögð sviðsins við þeim ábendingum/kvörtunum og honum afhend afrit af öllum gögnum þeirra mála.

2. Hvort fræðslu- og frístundasvið hafi á umræddu tímabili orðið vart við þá framkvæmd sem um ræðir við almennt eftirlit þess með máleznum grunnskóla í sveitarfélagini, s.s. ytra mat, eða vegna starfa skólanefndar sveitarfélagsins á grundvelli 2. mgr. 6. gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla.

Sé svo er óskað eftir nánari upplýsingum og gögnum um þau tilvik og hvort þau hafi orðið sviðinu tilefni til einhverra viðbragða og þá hverra.

3. Hvort fræðslu- og frístundasviði sé kunnugt um að í grunnskólum sveitarfélagsins, hvort sem er í einhverjum þeirra eða öllum, sé fyrir hendi almennt skráð verklag um þá framkvæmd sem hér er fjallað, þ.e. aðskilnað og/eða innilokun nemenda í sérstökum rýmum við ákveðnar aðstæður og þá meðferð og reglur sem kunna að gilda um vistun þeirra þar.

Ef svo er þá er óskað eftir því að umboðsmanni verði sent afrit af því og nánari útskýringar, ef við á.

Rétt er að fram komi að með framangreindum spurningum leitast umboðsmaður við að draga fram almenna lýsingu á þeim tilvikum sem hér eru til umfjöllunar án þess að til standi að tilfæra nöfn einstakra skóla í úrlausn sinni komi til frekari meðferðar málsins af hans hálfu. Þá

## UMBOÐSMAÐUR ÁLÞINGIS

er rétt að upplýsa að mennta- og menningarmálaráðuneytinu, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og umboðsmanni barna er sent afrit af bréfi þessu til upplýsingar.

Þess er óskað að svör fræðslu- og frístundasviðs Mosfellsbæjar við framangreindum spurningum berist umboðsmanni ekki síðar en 1. nóvember nk.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis

*Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir*

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir  
skrifstofustjóri á sviði frumkvæðismála  
og OPCAT

# ÚMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

## LJÓSRIT

Mál nr. F94/2020

Reykjavík, 11. október 2021

Akureyrarbær  
Fræðslusvið  
Glerárgötu 26  
600 Akureyri

Vísað er til fyrri samskipta vegna athugunar umboðsmanns Alþingis á aðbúnaði grunnskólanema við ákveðnar aðstæður. Eins og kunnugt er óskaði umboðsmaður með bréfi, dags. 9. júní 2020, eftir tilteknum upplýsingum frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og skólaskrifstofum 17 sveitarfélaga, m.a. Akureyrarbæjar, um vistun barna í sérstökum rýmum innan grunnskóla. Tilefnið voru ábendingar sem borist höfðu umboðsmanni með kvörtunum og öðrum erindum þar sem lýst var atvikum þegar nemendur höfðu verið færðir frá samnemendum sínum inn í lítil, jafnvel gluggalaus rými, hvort heldur til skemmri tíma eða ætlunin var að kennsla viðkomandi færi alfarið fram við þessar aðstæður.

Í svari fræðslusviðs Akureyrarbæjar, dags. 12. ágúst 2020, kom m.a. fram að svíðinu hefði á síðustu fimm árum ekki borist ábendingar eða kvartanir vegna þeirra aðstæðna sem spurt var um. Við öflun gagna frá grunnskólum bæjarins hefði þó komið fram að úrræði sem kallaðist einvistun væri beitt ef það væri hluti af verklagi sem tengdist agastefnu viðkomandi skóla. Það heyrði þó til undantekninga og aldrei væri barn látið dvelja einsamalt í lokuðu herbergi. Þá hefðu við ytram ekki komið fram athugasemdir um innilokun barna. Loks var tekið fram að athugunin hefði leitt í ljós að atvikaskráningu hvað umrædd mál varðar væri ábótavant í skólum bæjarins og að úr því yrði bætt.

Umboðsmaður hefur fylgst með nýlegri opinberri umræðu um innilokun grunnskólabarna í sérstökum herbergjum (sums staðar svökölleð gul eða rauð herbergi) og verklag í tengslum við hana, auk þess sem honum hafa borist ábendingar frá foreldrum um að barn þeirra hafi verið lokað inni í sérstöku rými, jafnvel einsamalt.

Umboðsmaður hefur því, á grundvelli nýrra upplýsinga um þá framkvæmd innan ákveðinna grunnskóla sem lýst er hér að framan, sem eru að meginstefnu til ekki í samræmi við þær upplýsingar sem umboðsmaður fékk í svörum við fyrirspurnum sínum á síðasta ári, ákveðið að

## UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Óska á ný eftir upplýsingum frá skólaskrifstofum tiltekinna sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Er það gert með það fyrir augum hvort ástæða sé til að hann taki þau atriði sem spurt er um til athugunar að eigin frumkvæði á grundvelli heimildar hans í 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Rétt er að taka fram að berist umboðsmanni upplýsingar sem gefa tilefni til kann hann að ákveða að nota heimild sína í 3. mgr. 7. gr. laga nr. 85/1997 til að fara í vettvangsheimsóknir í tiltekna skóla.

Með vísan til framangreinds er þess óskað, sbr. 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að fræðslusvið Akureyrarbæjar upplýsi umboðsmann um eftirfarandi:

1. Hvort fræðslusviðinu hafi, frá því að síðasta svar þess var sent umboðsmanni, borist ábendingar eða kvartanir vegna aðskilnaðar barna frá samnemendum sínum með þeim hætti að þau séu færð í sérstakt rými eða herbergi. Óskað er eftir þessum upplýsingum óháð því af hvaða ástæðum gripið hafi verið til þessa úrræðis, hvort nemandinn hafi dvalið þar í stutta stund eða til lengri tíma, jafnvel að staðaldri, hvort hann hafi dvalið þar einsamall eða með kennara eða öðrum starfsmanni skólans og hvort úrræðinu hafi verið beitt í tilefni af atvikum sem vörðuðu nemandann sjálfan eða vegna athafna annarra nemenda sem beinst hafi að honum.

Sé svo er þess óskað að umboðsmaður verði upplýstur um fjölda slíkra tilvika, viðbrögð sviðsins við þeim ábendingum/kvörtunum og honum afhend afrit af öllum gögnum þeirra mála.

2. Hvort fræðslusviðið hafi á umræddu tímabili orðið vart við þá framkvæmd sem um ræðir við almennt eftirlit þess með málefnum grunnskóla í sveitarféluginu, s.s. ytra mat, eða vegna starfa skólanefndar sveitarfélagsins á grundvelli 2. mgr. 6. gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla.

Sé svo er óskað eftir nánari upplýsingum og gögnum um þau tilvik og hvort þau hafi orðið sviðinu tilefni til einhverra viðbragða og þá hverra.

3. Hvort fræðslusviðinu sé kunnugt um að í grunnskólum sveitarfélagsins, hvort sem er í einhverjum þeirra eða öllum, sé fyrir hendi almennt skráð verklag um þá framkvæmd sem hér er fjallað, þ.e. aðskilnað og/eða innilokun nemenda í sérstökum rýmum við ákveðnar aðstæður og þá meðferð og reglur sem kunna að gilda um vistun þeirra þar.

Ef svo er þá er óskað eftir því að umboðsmanni verði sent afrit af því og nánari útskýringar, ef við á.

## UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Rétt er að fram komi að með framangreindum spurningum leitast umboðsmaður við að draga fram almenna lýsingu á þeim tilvikum sem hér eru til umfjöllunar án þess að til standi að tilfæra nöfn einstakra skóla í úrlausn sinni komi til frekari meðferðar málsins af hans hálfu. Þá er rétt að upplýsa að mennta- og menningarmálaráðuneytinu, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og umboðsmanni barna er sent afrit af bréfi þessu til upplýsingar.

Þess er óskað að svör fræðslusviðs Akureyrarbæjar við framangreindum spurningum berist umboðsmanni ekki síðar en 1. nóvember nk.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis

*Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir*

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir  
skrifstofustjóri á sviði frumkvæðismála  
og OPCAT